

AUGLÝSING

um sérstakt svæðisskipulag fyrir ljósleiðara frá Vatnsfelli til Akureyrar.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. júlí 2001 staðfest sérstakt svæðisskipulag fyrir ljósleiðara frá Vatnsfelli til Akureyrar.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir ljósleiðara frá Vatnsfellsvirkjun til Akureyrar til gagnaf lutninga milli Reykjavíkur og Akureyrar en strengur hefur þegar verið lagður frá Reykjavík til Vatnsfells. Ljósleiðarinn fer um fimm sveitarfélög; Ásahrepp, Bárðdælahrepp, Hálshrepp, Eyjafjarðarsveit og Akureyrarbæ.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 19. júlí 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hersir Gíslason.